

Heimilistrygging er samsett váttrygging fyrir einstaklinga og fjölskyldur. Hún innifelur m.a. innbústryggingu, slysatryggingu í frítíma, ábyrgðartryggingu o.fl. Um váttrygginguna gilda þessir skilmálar auk [almennra skilmála félagsins nr. 001](#).

1. KAFLI	INNBUSTRYGGING	1
2. KAFLI	ÁBYRGÐARTRYGGING	4
3. KAFLI	SLYSATRYGGING Í FRÍTÍMA	5
4. KAFLI	TRYGGING VEGNA SJÚKRAHÚSLEGU	6
5. KAFLI	RÉTTARAÐSTOÐ	7
6. KAFLI	ÁFALLAHJÁLP – SÁLFRÆÐIÐSTOÐ	9
7. KAFLI	FERÐAVERND	9

Váttryggðir eru váttryggingartaki og fjölskylda hans. Með fjölskyldu váttryggingartaka er hér átt við:

- Maka váttryggingartaka sem hefur með honum sameiginlegt heimilishald og lögheimili á Íslandi. Einnig maka sem á lögheimili hér á landi annars staðar en váttryggingartaki.
- Sambúðarmaka váttryggingartaka sem hefur með honum sameiginlegt heimilishald og sameiginlegt lögheimili á Íslandi.
- Ógift börn váttryggingartaka og maka hans eða sambúðarmaka óháð aldri, sem búa hjá þeim og hafa með þeim sameiginlegt heimilishald og sameiginlegt lögheimili á Íslandi. Einnig börn þeirra yngri en 18 ára sem eiga lögheimili annars staðar á Íslandi, enda falli þau ekki undir heimilis- eða fjölskyldutryggingu á lögheimili sínu. Enn fremur börn þeirra yngri en 20 ára sem búa tímabundið annars staðar á Íslandi vegna framhaldsskólanáms enda haldi þau sama lögheimili og váttryggingartaki.

Váttryggingarvernd maka fellur niður við skilnað að borði og sæng og sambúðarmaka við sambúðarslit.

1. KAFLI INNBÚSTRYGGING

1. gr. Hvar gildir tryggingin?

Váttryggingin gildir á Íslandi og tekur til búslóðar á því heimilisfangi váttryggingartaka sem skráð er á váttryggingarskírteini.

Undir váttrygginguna falla einnig váttryggðir munir sem eru staðsettir hér á landi utan heimilisins, samtals allt að 15% af váttryggingarfjárhæðinni. Ef geyma þarf stærri hluta búslóðarinnar tímabundið utan skráðs heimilisfangs vegna flutninga eða framkvæmda gildir tryggingin einnig á nýjum stað hérlandis í allt að þrjá mánuði frá afhendingardegi eignar eða upphafsdegi framkvæmda. Í öðrum tilvikum ber að tilkynna félaginu um breytt heimilisfang.

Váttryggingin tekur að auki til persónulegra lausafjármuna váttryggðs á ferðalagi erlendis í allt að þrjá mánuði frá brottför frá Íslandi, samtals allt að 5% af váttryggingarfjárhæðinni.

2. gr. Hvað fellur undir trygginguna?

Váttryggingin nær til búslóðar, þ.e. innbús og persónulegra lausafjármuna, í eigu hinna váttryggðu sem eingöngu er ætlað til einkanota og tengist á engan hátt atvinnurekstri eða starfi þeirra.

Með innbúi er átt við húsgögn, heimilistæki og aðra innanstokksmuni, raftæki, búsáhöld, matvæli, verkfæri, skraut- og listmuni, bækur, tómstundasöfn og hvers kyns annan búnað og áhöld sem að jafnaði fylgja almennu heimilishaldi og teljast hvorki hluti fasteignar eða fylgifé hennar. Með persónulegum lausafjármunum er átt við fatnað, tölvur, síma, myndavélar, tómstundabúnað, hljóðfæri, úr og skartgrip, gleraugu, heyrnartæki, stoð- og lækningatæki.

Auk innbús og persónulegra lausafjármuna tekur tryggingin einnig til reiðhjóla, smáfarartækja, léttra bifhjóla í flokki 1 og annarra óskráningarskyldra ökutækja til einkanota með aflvél 5 kw eða minna ásamt fylgihlutum þeirra.

Váttryggingin nær ekki til dýra, skráningarskyldra ökutækja, báta, sæpota, ferðavagna, eftirvagna, vinnuvéla og loftfara, né heldur fylgihluta slíkra tækja. Þó fellur undir váttrygginguna einn umgangur sumar- eða vetrarhjólbarða, felgur og varahlutir fyrir hvern einkabil váttryggðra á heimilinu sem geymdir eru í bílskúr eða annarri geymslu auk barnabílstóla, þverboga, skíða- og hjólafestinga og farangursboxa.

3. gr. Hvað bætir tryggingin?

Innbúskaskó. Váttryggingin bætir tjón á hinu váttryggða af völdum skyndilegs og ófyrirséðs utanaðkomandi atburðar, sem ekki er sérstaklega undanskilinn í skilmála þessum, allt að því hámarki sem tilgreint er í váttryggingarskírteini vegna hvers tjónsatburðar og samtals á váttryggingartímabilinu.

Verði tjón á hinu váttryggða rakið til einhverrar af neðangreindum orsökum greiðast þó bætur allt að váttryggingarfjárhæðinni nema sérstakar takmarkanir eigi við:

Brunatjón. Tjón af völdum elds eða reyks, eldingar, sprenginga eða skyndilegs sótfalls frá kynditækjum eða arni. Tjón af völdum hraps á loftfari eða hluta þess fellur einnig hér undir hvort sem bruni hlýst af eða ekki.

Vatnstjón. Tjón af völdum vatns sem skyndilega og óvænt streymir úr lagnakerfi húss, heimilistækjum sem tengd eru við það svo og úr blöndunar- og hreinlætistækjum. Undanskilið er tjón af völdum utanaðkomandi vatns, svo sem úrkomu, yfirborðsvatns, vatns- eða sjávarflóða, aurflóða, grunnvatns, sólbráðar eða vatns sem þrýstist upp úr skolpleiðslum.

Innbrot eða skemmdarverk. Tjón af völdum þjófnaðar sem verður með þeim hætti að óviðkomandi aðili brýtur sér leið inn í læsta íbúð, bifreið, einkabát, einkaloftfar, sumarhús eða hjólhýsi. Forsenda bótaskyldu í öllum tilvikum er að sjá megi ótvíræð ummerki um innbrot þar sem farið var inn í húsnæðið eða farartækið. Einnig bætast skemmdarverk á innbúsmunum sem valdið er af ásetningi.

Veðrátta. Tjón af völdum þess að vatn flæðir inn í húsnæði vegna skyndilegrar úrhellisrigningar (skýfalls) eða snjóbráðar (asahláku), sem er svo mikil að niðurföll nái ekki að leiða það frá. Jafnframt bætast tjón af völdum þess að óveður (28,5 m/sek. eða meira) rýfur þak, glugga eða aðra hluta húss. Liggi ekki fyrir mælingar á vindhraða skal litið til þess hvort almennt eignatjón hafi orðið vegna veðursins á viðkomandi svæði. Einnig tjón sem er afleiðing af skyndilegum snjópungum sem sligað hefur þak eða vegg á fullbyggðu húsnæði.

Reynist nauðsynlegt fyrir váttryggða að flytja tímabundið af heimili sínu vegna tjóns sem er bótaskyldt úr váttryggingu þessari, greiðist óhjákvæmilegur aukakostnaður vegna þess, þ.m.t. húsaleiga í sambærilegu húsnæði, þó aldrei hærri en sem nemur 6% váttryggingarfjárhæðarinnar.

4. gr. Undanþágur

Váttryggingin bætir ekki tjón:

- Sem verður þegar váttryggður hlutur er mislagður, gleymist, týnist eða er skilinn eftir á almannafæri.
- Vegna þjófnaðar sem hvorki verður við innbrot eða rán. Með innbroti er átt við það þegar óviðkomandi aðili brýtur sér leið inn í læst húsnæði, geymslu eða farartæki og sjá má ótvíræð ummerki um innbrotið á inngöngustað. Með ráni er átt við þjófnað þar sem líkamlegu ofbeldi er beitt eða hótun um að beita því þegar í stað. Þessi undanþága á ekki við um þjófnað á;
 - læstum reiðhjólum, smáfarartækjum og öðrum váttryggðum ökutækjum, barnavögnum og barnakerrum,
 - váttryggðum eigum nemenda úr grunnskóla eða framhaldsskóla,
 - váttryggðum hlutum, öðrum en úrum, skartgripum eða reiðufé, úr ólæstri íbúð meðan einhver hinna váttryggðu er þar staddur.
 Þjófnaður sem framinn er af einhverjum hinna váttryggðu eða með vitneskju einhvers þeirra er þó ávallt undanskilinn.
- Á reiðufé, inneignarnótum, gjafabréfum, verðbréfum, handritum, frumteikningum, mynt- og frímerkjasöfnum. Þó bætist tjón á slíkum hlutum ef það verður á skráðum váttryggingarstað af völdum eldsvoða, vatnstjóns eða innbrots í læsta íbúð.
- Sem hlýst af því að húsnæði er ófullgert eða ófrágengið eða tjón sem hlýst af völdum byggingargalla eða ófullnægjandi viðhalds húsnæðis.
- Sem stafar af sliti, galla, rangri samsetningu, ónógu viðhaldi eða innri bilunum, svo sem vélrænum eða rafrænum bilunum í búnaði og tækjum. Sama gildir um bilanir sem hljóttast af spennubreytingum eða bilunum hjá rafveitu.
- Á raftækjum sem fellur undir lög- eða samningsbundna ábyrgð söluaðila eða framleiðanda.
- Á hlutum sem eru sérstaklega tryggðir með annarri eignatryggingu.
- Sem rekja má til skordýra, nagdýra eða annarra meindýra, myglu eða sveppagróðurs.
- Sem stafar af klóri og nagi eða losun þvags og saurs frá heimilisdýrum.
- Af hita- og/eða rakabreytingum hvort sem þær eru snöggar eða gerast á lengri tíma.
- Á handverki, listmunum eða öðrum hlutum sem einhver hinna váttryggða framleiðir sjálfur til endursölu, dreifingar eða eigin notkunar.
- Á vopnum sem váttryggður hefur ekki leyfi fyrir.
- Á fatnaði sem hlýst við hreinsun nema tjónið sé af völdum staðfestrar bilunar í tækjabúnaði, t.d. þvottavél eða þurrkara.
- Á matvælum sem rekja má til þess að orkusali lokar fyrir rafmagn eða tekur það af.
- Á farangri í vörslum farsala eða flutningsaðila eða tjón á farangri sem hlýst af vökva, matvælum eða öðrum smitandi efnum sem geymd eru í honum.
- Sem verður vegna haldlagningar, eignaupptöku, vörslusviptingar, kyrrsetningar, fullnustugerða eða annarra slíkra aðgerða af hálfu opinberra aðila eða einkaaðila, sem starfa í skjóli opinbers leyfis.

5. gr. Varúðarreglur

Váttryggðum ber að viðhafa eðlilega aðgát við meðferð og geymslu váttryggðra hluta ásamt því að gera sérstakar ráðstafanir til þess að takmarka hættu á tjóni þegar við á, m.a. vegna þjófnaðar, vatns eða elds og draga úr umfangi tjóna.

Húsnæði, þar sem váttryggðir hlutir eru geymdir, skal uppfylla byggingarreglur og vera þannig úr garði gert og viðhaldið að það haldi vatni og vindum og standist þá áraun sem leiðir af íslenskri veðráttu og náttúruöflum með hliðsjón af staðsetningu og árstíma. Lagnakerfi húss skal viðhaldið og endurnýjað eftir því sem þörf krefur. Hreinsa ber frá niðurföllum við húseignina svo að snjór, klaki eða óhreinindi stífla þau ekki og draga þannig úr hættu á að vatn komist inn í húsið og valdi tjóni. Einnig skal hreinsa snjó af svölum og þaki og hreinsa þakrennur þegar þörf krefur í sama tilgangi.

Þannig skal gengið frá heimili eða öðrum geymslustað váttryggðra hluta að óviðkomandi eigi ekki greiða leið inn í það, dyr séu læstar og tryggilega gengið frá gluggum og öðrum opum. Gæta skal sérstaklega að geymslu, varðveislu og meðferð verðmætra hluta, svo sem málverkum og öðrum listmunum, úrum og skartgripum, myndavélum, hljóðfærum, sjónvörpum, tölvubúnaði, peningum og tómstundasöfnum, m.a. mynt- og frímerkjasöfnum. Lausafé af þessu tagi skal ekki geyma í geymslum utan íbúðar, í bílskúrum, útigeymslum, ferðavögnum eða tjöldum, geymsluhúsnæði eða vinnuskúrum. Sé nauðsynlegt að geyma slíka hluti tímabundið í ökutæki eða öðru farartæki skal gengið úr skugga um að farartækið sé tryggilega læst og þannig gengið frá váttryggðum hlutum að þeir séu ekki sýnilegir. Þjófnaður skal tafarlaust tilkynntur lögreglu.

Reiðhjól og önnur váttryggð farartæki skulu ávallt tryggilega læst við fastan hlut, séu þau geymd utandyra eða á almannafæri og þannig frágengin að hætta á tjóni á þeim sé takmörkuð eins og frekast er unnt. Lykla að heimili, hirslum og farartækjum skal varðveita þannig að þeir séu ekki sýnilegir og að óviðkomandi hafi ekki aðgang að þeim.

Gengið skal tryggilega frá váttryggðum hlutum sem geymdir eru utanhúss til þess að takmarka hættu á tjóni vegna veðurfars eða þjófnaðar. Grípa skal til sérstakra ráðstafana þegar veðurspár gefa tilefni til þess að draga úr hættu á tjóni. Viðkvæma hluti skal ekki geyma utanhúss þar sem þeir geta orðið fyrir skemmdum vegna úrkomu, kulda eða vinds.

Við búferlaflutninga, ferðalög og annan flutning á váttryggðum hlutum skal tryggilega gengið frá þeim og þeim pakkað þannig að dregið sé úr hættu á skemmdum eins og unnt er. Tjón á farangri skal tilkynna lögreglu, fararstjóra, hóteli eða flutningsaðila eftir því sem við á og fengin skýrsla þar um.

Váttryggðir skulu fylgja notkunarleiðbeiningum sem gilda um váttryggða hluti.

6. gr. Hvernig eru bætur ákvarðaðar?

Ef váttryggður hlutur skemmist og unnt er að gera við hann þannig að hann verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón getur félagið ákveðið að láta gera við hann á eigin kostnað eða útvegað annan sambærilegan hlut í staðinn. Félagið getur einnig ákveðið að greiða peningagreiðslu sem nemur útlögðum eða áætluðum viðgerðarkostnaði eða mismuni á verðmæti hlutar fyrir og eftir tjón. Í þessum tilvikum nema bætur þó aldrei hærri fjárhæð en raunverulegt verðmæti hins skemmda hlutar á tjónsdegi.

Ef váttryggður hlutur eyðileggst, honum stolið eða félagið telur viðgerð ekki hagkvæma greiðast bætur í samræmi við upphaflegt kaupverð eða verð á nýjum sambærilegum hlut á tjónsdegi að teknu tilliti til afskrifta vegna aldurs, ástands og annars sem rýrt getur verðmæti hans. Við ákvörðun bóta er félaginu heimilt að styðjast við eftirfarandi afskriftarreglur:

	Fyrsta afskrift eftir	Afskrifast um	Hámark
Snjallsímar, snjallúr og fylgihlutir ásamt tölvubúnaði, þ.m.t. spjaldtölvur.	6 mánuðir frá kaupdegi	2% mánaðarlega*	100%
Annað	1 ár frá kaupdegi	10% árlega**	70%

* Afskriftarhlutfall reiknast af upphaflegu kaupverði.

** Afskriftarhlutfall reiknast af nývirði.

Gardínur, ljós, leirtau, búsáhöld og borðbúnaður, svo og húsgögn önnur en sófar og sófasett afskrifast ekki.

Félagið eignast hluti sem bættir hafa verið að fullu samkvæmt ofangreindum reglum og getur krafist framvísunar þeirra fyrir eða eftir bótagreiðslu. Stolnir eða glataðir hlutir sem koma fram eftir að félagið hefur greitt bætur vegna þeirra eru eign félagsins og skal skilað til þess. Váttryggður getur þó haldið mununum ef hann óskar þess og mögulegt er, gegn endurgreiðslu bótafjárhæðarinnar.

Félagið greiðir aðeins beint fjárhagslegt tjón á váttryggðum hlutum en ekki afleitt tjón. Hugverk, minjagildi og tilfinningalegt virði hluta bætist ekki. Glötuð gögn og hugbúnaður bætist ekki. Útlitsgalli sem rýrir ekki notagildi fæst ekki bættur nema um skraut- eða listmuni sé að ræða og viðgerð á öðrum hlutum telst fullnægjandi þótt sjá megi merki um hana. Félagið bætir ekki aukakostnað umfram beinan viðgerðarkostnað á skemmdum á úrum og tækjum, svo sem kostnað við hreinsun, smurningu, yfirferð og ábyrgðareftirlit.

Heildarfjárhæð bóta vegna alþjóns á öllu innbúi og öðrum váttryggðum hlutum, sem falla undir váttrygginguna, getur aldrei numið hærri fjárhæð en váttryggingarfjárhæðin. Sé heildarverðmæti innbús herra en váttryggingarfjárhæðin greiðast bætur hlutfallslega eins og greinir í almennum skilmálum félagsins.

Í eftirfarandi tilvikum gilda sérreglur um hámarksfjárhæð, sem hlutfall af váttryggingarfjárhæð, vegna tjónsatburðar, þó að því hámarki sem fram kemur á váttryggingarskírteini:

Fyrir hvert reiðhjól, smáfarartæki eða annað ökutæki að meðtöldum fylgihlutum	3%
Reiðufé, inneignarnótur, gjafabréf, verðbréf, handrit, frumteikningar og tómstundasöfn.*	1%
Vegna innbrots í sumarhús, ferðavagn, bifreið eða önnur farartæki.*	5%

Vegna innbrots í geymslu utan íbúðar eða í bílskúr*	15%
Vegna tjóna á ferðalögum erlendis.*	5%
Úr og skartgripir.*	5%
Gleraugu, heyrnartæki, stoð- og lækningatæki.*	10%
Matvæli.*	2%
Vegna þjófnaðar úr grunn- og framhaldsskóla.*	1%
Verkfæri, dekk, varahlutir og aðrir fylgihlutar ökutækja.*	5%

* Samtals fyrir váttryggða hluti í hverjum tjónsatburði áður en tekið er tillit til eigin áhættu.

2. KAFLI ÁBYRGÐARTRYGGING

7. gr. Hvar gildir tryggingin?

Váttryggingin gildir á Íslandi og á ferðalagi erlendis í allt að þrjá mánuði talið frá brottfarardegi.

8. gr. Hvað bætir tryggingin?

Váttryggingin tekur til skaðabótaábyrgðar, sem fellur á váttryggðan sem einstakling samkvæmt almennum skaðabótaðreglum utan samninga, vegna þess að hann hefur með bótaskyldri athöfn eða athafnaleysi valdið öðrum muna- eða líkamstjóni með skyndilegum hætti. Með munum er átt við fasteign og lausafé, þ.m.t. dýr.

Hafi váttryggt barn yngra en 10 ára sannanlega valdið tjóni greiðast bætur úr váttryggingunni þótt háttsemin teljist ekki saknæm vegna aldurs, enda séu önnur skilyrði skaðabótaábyrgðar fyrir hendi. Tjón sem valdið er af ásetningi bætist þó ekki. Bætur samkvæmt þessu ákvæði greiðast ekki ef barnið á aðild að umferðaróhappi og tjón verður á skráningarskyldu ökutæki í notkun.

Bætur greiðast ekki ef skaðabótaábyrgð fellur brott á grundvelli neyðarréttar, samþykkis eða áhættutöku af hálfu tjónþola né heldur vegna tjóns á váttryggðum hagsmunum skv. 19. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Ef tjónþoli á sjálfur sök á tjóninu að hluta eða öllu leyti skerðist bótaréttur hans í samræmi við það.

9. gr. Undanþágur

Ábyrgðartryggingin bætir ekki tjón:

- Sem hinir váttryggðu valda hver öðrum.
- Sem váttryggður veldur í tengslum við atvinnustarfsemi, hvort sem hann er launþegi, verktaki eða atvinnurekandi. Sama gildir um hvers konar aukastörf sem hann tekur að sér og atvinnuáhætta fylgir.
- Sem fellur á váttryggðan sem eiganda fasteignar.
- Sem váttryggður ber ábyrgð á sem eigandi, notandi eða stjórnandi skips, báts (þ.m.t. sæpotu), loftfars (þ.m.t. flygilda/dróna), skráningarskylds vélknúins ökutækis, óskráningarskylds ökutækis með aflvél yfir 5 kw, skráningarskyldrar vinnuvélar.
- Af völdum dýra.
- Á munum sem váttryggður hefur að láni, til leigu, geymslu eða af öðrum ástæðum eru í vörslu hans, með eða án heimildar eiganda
- Sem váttryggður ber ábyrgð á vegna vanefnda á samningi eða vegna ábyrgðar sem er víðtækari en leiðir af almennum reglum um skaðabótaábyrgð utan samninga.
- Vegna notkunar vopns sem váttryggður hefur ekki leyfi fyrir.
- Sem stafar af eldsvoða, vatni vegna slökkvistarfs, reyk, sóti eða sprengingu.
- Af völdum þátttöku váttryggðs í handalögmálum eða refsiverðum verknaði.
- Vegna sekta, málskostnaðar eða annarra útgjalda í tengslum við refsimál.
- Sem verður sökum mengunar lofta, jarðar, gróðurs, vatns eða sjávar. Váttryggingin bætir þó þess háttar tjón ef það verður rakið til eins ákveðins atburðar.
- Sem hlýst af langvarandi raka eða vatnsleka og/eða myglu og sveppagróðri.

10. gr. Varúðarreglur

Váttryggðum er óheimilt að eiga við eða breyta rafhjólum, smáfarartækjum eða léttum bifhjólum í flokki 1, þannig að þau komist hraðar en 25 km/klst. fyrir eigin vélarafli.

Mat á því hvort skaðabótaábyrgð sé fyrir hendi getur verið flókið lögfræðilegt úrlausnarefni. Váttryggðum ber að hafa samráð við félagið um réttarstöðu sína eftir að skaðabótakröfur koma fram og má hvorki í orði eða með athöfnum viðurkenna ábyrgð sína eða semja um bætur án samþykkis þess, en slíkt getur leitt til þess að váttryggður þurfi sjálfur að greiða bæturnar. Félagið hefur rétt til þess að ákveða bótaskyldu, semja um bætur og annast allar varnir og málsmeðferð fyrir váttryggðan í málum af þessu tagi.

11. gr. Tímatakmörk

Vátryggingin tekur til ábyrgðar vegna skaðabótaskyldrar athafnar eða athafnaleysis vátryggðs sem á sér stað á gildistíma vátryggingarinnar og tjón hefur hlotist af, hvort sem afleiðingar háttseminnar koma fram á gildistímanum eða síðar. Vátryggingin tekur ekki til skaðabótaskyldrar háttsemi sem á sér stað áður en vátryggingin tók gildi, enda þótt afleiðingar hennar (tjónið) komi ekki í ljós fyrr en á vátryggingartímanum.

3. KAFLI SLYSATRYGGING Í FRÍTÍMA

12. gr. Hvar gildir tryggingin?

Vátryggingin gildir hvar sem er í heiminum. Þrátt fyrir skilgreiningu í inngangstexta gildir vátryggingin fyrir námsmenn sem flytja tímabundið frá heimili vegna náms, innanlands eða erlendis, í allt að 9 mánuði í senn, enda haldist lögheimili þeirra óbreytt hér á landi.

13. gr. Hvað bætir tryggingin?

Vátryggingin greiðir bætur vegna slyss sem vátryggður verður fyrir í frístundum, meðal annars við almenna íþróttaiðkun, heimilisstörf og ólaunað skólanám, allt að þeim fjárhæðum sem tilgreindar eru í vátryggingarskírteini og í gildi voru á slysdegi.

Með orðinu „slys“ er hér átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans. Við meiðsl á útlimum er þess þó eingöngu krafist að um skyndilegan atburð sé að ræða sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans. Öxl og mjóðm telst ekki til útlima samkvæmt þessu ákvæði.

14. gr. Bætur vegna sjúkrakostnaðar

Vátryggingin bætir innlenda sjúkrakostnað sem hlotist hefur af bótaskyldu slysi gegn staðfestingu á greiðslu að því marki sem hann fæst ekki bættur frá Sjúkratryggingum Íslands. Með sjúkrakostnaði er hér átt við nauðsynlegan kostnað við læknismeðferð og rannsóknir (þó ekki tannlæknakostnað), sjúkraflutning, stoðtæki, endurhæfingu og lyf auk nauðsynlegs útlags ferðakostnaðar innanlands í tengslum við meðferð.

Hljótist beinbrot eða algert rof á hásin, liðböndum eða sinum af bótaskyldu slysi greiðir félagið fyrirframgreiðslu sem nemur 25% af hámarksbótum vegna sjúkrakostnaðar án framvísunar greiddra kostnaðarreikninga. Nemi raunkostnaður hærri fjárhæð kemur fyrirframgreiðslan að fullu til frádráttar greiðslu bóta vegna sjúkrakostnaðar. Fyrirframgreiðsla er ekki greidd vegna beinsprungu, brákunar, krumpu- og álagsbrota eða flísunar úr beini og stendur hverjum vátryggðum aðeins einu sinni til boða á vátryggingartímabilinu.

Hámarksbætur vegna sjúkrakostnaðar eru tilgreindar á vátryggingarskírteini og gildir sú fjárhæð fyrir hvern vátryggðan vegna allra slysa á sama vátryggingartímabili. Bætur vegna sjúkrakostnaðar greiðast til vátryggingartaka vegna slyss á vátryggðu barni undir 18 ára aldri.

Sé örorka vegna bótaskylds slyss metin meiri en 50%, greiðir vátryggingin einnig nauðsynlegan kostnað við breytingar á húsnæði, sem lagt er út fyrir í samráði við félagið eða með samþykki þessi, allt að þeirri vátryggingarfjárhæð sem tilgreind er á skírteini.

15. gr. Bætur vegna tannbrots

Vátryggingin bætir kostnað við viðgerðir á heilbrigðum og vel viðgerðum tönnum eða varanlegum tanngervum sem brotna eða laskast við slys. Félagið bætir einnig tannbrot af völdum fallslysa sem orsakast af skyndilegu aðsvifi, yfirliði eða jafnvægið flun enda stafi það ekki af þekktum undirliggjandi sjúkdómi, fötlun eða neyslu áfengis eða lyfja. Vátryggingin bætir ekki brot á tönnum sem ber að höndum þegar vátryggður matast né heldur brot á tönnum sem verða við vinnuslys. Sé tannskaða að rekja til fyrra ástands tannar eða tannheilsu vátryggðs að öðru leyti lækka bætur í hlutfalli við þann þátt sem þetta ástand átti í tannbrotinu.

16. gr. Bætur vegna örorku og framkvæmd örorkumats

Verði vátryggður fyrir varanlegu líkamstjóni vegna slyss greiðir félagið bætur fyrir læknisfræðilega örorku. Örorku skal meta í hundraðshlutum samkvæmt töflum Örorkunefndar um miskastig sem í gildi eru þegar örorkumat fer fram. Metin skal skerðing á líkamlegri færni án tillits til starfs, sérstakra hæfileika eða þjóðfélagsstöðu hins slasaða. Sé áverka hins slasaða ekki getið í töflum Örorkunefndar skal meta hann sérstaklega með hliðsjón af töflunum. Örorka hvers einstaklings getur aldrei talist meiri en 100% samtals þótt fjölværki hafi hlotist af sama slysi eða hann hafi lent í fleiri en einu slysi og skal hlutfallsreglu beitt við matið þegar við á. Sé hinn slasaði haldinn sjúkdómi, líkamskvilla eða fötlun eða hafi hlotið skaða á líkamshluta eða líffæri fyrir slysið skal örorka lækkuð hlutfallslega með hliðsjón af því ástandi. Missir eða bækun á útlím eða líffæri sem var ónothæft fyrir slysið gefur ekki rétt til örorkubóta. Örorkubætur eru ekki greiddar vegna slysa sem eingöngu valda lýti eða vegna tannbrota.

Meta skal örorku í fyrsta lagi einu ári frá slysdegi með hliðsjón af ástandi vátryggða þá. Telji vátryggður eða félagið að örorka geti breyst, getur hvor aðili um sig krafist þess að endanlegu örorkumati verði frestað, þó ekki lengur en þrjú ár frá slysdegi. Þótt gera megi ráð fyrir að ástand vátryggðs kunni að breytast skal framkvæma örorkumat í síðasta lagi þremur árum eftir að slysið varð. Hafi örorkumat ekki borist félaginu áður en þrjú ár eru liðin frá slysdegi greiðast engar örorkubætur. Ef líkur eru til að ástand hins vátryggða megi bæta með læknismeðferð, þjálfun eða öðrum slíkum aðgerðum og hann veigrar sér við án gilda ástæðna að gangast undir slíkar aðgerðir, ber samt sem áður við ákvörðun örorku að taka

tillit til hugsanlegs bata sem slíkar aðgerðir kynnu að hafa í för með sér. Vilji váttryggður eða félagið ekki una niðurstöðu örorkumats, sem borist hefur félaginu innan framangreindra tímamarka, getur hvor aðili um sig lagt fram nýtt örorkumat á eigin kostnað innan 6 mánaða frá því að fyrri matsgerð barst félaginu. Frestur til framlagningar endanlegrar matsgerðar er þó aldrei skemmri en 3 ár frá slysdegi.

Ef váttryggður deyr án þess að örorkumat hafi farið fram skal örorka metin á grundvelli læknisfræðilegra gagna og bætur greiddar í samræmi við það, þó aldrei hærrí fjárhæð en sem nemur dánarbótum. Engar örorkubætur greiðast þó ef andlát váttryggðs bar að innan árs frá slysdegi eða eftir að þrjú ár voru liðin frá slysinu.

17. gr. Dánarbætur

Valdi slys dauða váttryggðs innan eins árs frá slysdegi greiðast dánarbætur til maka eða sambúðarmaka að frádregnum örorkubótum sem félagið kann að hafa greitt vegna sama slyss. Ef váttryggður lætur ekki eftir sig maka/sambúðarmaka fellur váttryggingarfjárhæðin beint til erfingja váttryggðs samkvæmt lögum eða erfðaskrá. Dánarbætur greiðast aðeins ef slysið er bein og eina orsök þess að váttryggður deyr og aðrir þættir, svo sem aldur, sjúkdómur, veiklun, sjúklegt ástand eða lækningameðferð eigi engan þátt í andlátinu og gildir einu hvort þessir þættir hafi verið fyrir hendi fyrir slysið eða skapast síðar.

18. gr. Undanþágur

Váttryggingin bætir ekki:

- Slys af völdum skráningarskylds vélknúns ökutækis.
- Slys sem verður í starfi hvort sem um er að ræða launað starf eða arðbætt í eigin þágu eða annarra sem atvinnuslysaætta fylgir.
- Slys sem verður á beinni leið í eða úr vinnu.
- Meiðsli sem verða við iðkun bardaga- eða sjálfsvarnariþrótta þar sem tilgangurinn er að slá eða sparka í andstæðinginn eða takast á við hann á annan hátt. Þessi undanþága á ekki við váttryggða sem eru yngri en 18 ára.
- Slys sem verða í flugi, nema að váttryggður sé farþegi í áætlunar- eða leiguflugi á vegum aðila sem hefur tilskilin leyfi hlutaðeigandi flugmálayfirvalda.
- Tjón vegna ljósabaða, lækningameðferðar, skurðaðgerðar, endurhæfingar eða lyfjanotkunar, nema meðferðin sé að læknisráði vegna slyss sem er bótaskyld úr þessari váttryggingu og framkvæmd á viðurkenndri heilbrigðisstofnun.
- Meiðsli sem hljóttast af handalögmáli eða við þátttöku í refsiverðum verknaði.
- Tjón vegna matar- eða drykkjareitrunar eða neyslu áfengis, fíkniefna eða annarra örvandi eða deyfandi lyfja. Sama gildir um tjón af völdum eittraðra lofttegunda, nema það hafi orðið skyndilega og án vilja váttryggðs.
- Tjón af völdum skordýra eða sníkjudýra.

Undanþágur sem unnt er að váttryggja sérstaklega gegn viðbótariðgjaldi:

- Slys sem váttryggðir 18 ára og eldri verða fyrir við iðkun keppnisíþrótta. Með iðkun keppnisíþrótta er hér átt við æfingar og keppni í einstaklings- og liðsíþróttum, sem æfðar eru reglulega undir leiðsögn þjálfara á vegum félaga og samtaka sem hafa íþróttakeppni að tilgangi og/eða þátttaka er bundin skilyrðum um lágmarksfærni eða -getu.
- Slys sem verða við iðkun hvers kyns akstursíþrótta.
- Slys sem verða í fjalla-, kletta- eða ísklifri og bjargsgigi.
- Slys sem verða í dreka-, svífvængja-, loftbelgja-, fis- og sviffugi, teygjustökki, fallhlífarstökki, og köfun með lofthylki eða friðköfun á meira dýpi en 10 metrum.

Váttryggingin tekur ekki til veikinda og sjúkdóma af neinu tagi. Bætur greiðast ekki vegna brjós-kloss, þursabits (lumbago ischias), liðagigtar, slitgigtar eða hvers konar annarra gigtarsjúkdóma eða slitbreytinga, jafnvel þótt einkenni komi fyrst fram í kjölfar slyss. Váttryggingin bætir heldur ekki slys sem orsakast af veikindum, sjúkdómi, líkamskvilla eða fötlun hins váttryggða, sem honum var kunnugt um og sýnt höfðu einkenni fyrir slysið. Sama gildir um auknar afleiðingar slyss sem rekja má til slíks ástands hvort sem það var tilkomið fyrir slysið eða kom fram síðar.

19. gr. Hvernig eru bætur ákvarðaðar?

Örorkubætur reiknast í hlutfalli við grunnfjárhæð örorkubóta, þó þannig að hvert örorkustig frá 26-50% verkar tvöfalt, hvert örorkustig frá 51-75% verkar fjórfalt og hvert örorkustig frá 76-100% verkar sexfalt. Bætur vegna 100% örorku verða því 325% af grunnfjárhæð örorkubóta. Bótafjárhæð örorkubóta tekur einnig mið af aldri váttryggðs á slysdegi og lækkar hlutfallslega í samræmi við neðangreinda töflu:

70 ára	10%	74 ára	50%
71 árs	20%	75 ára	60%
72 ára	30%	76 ára	70%
73 ára	40%	77 ára og eldri	80%

Dánarbætur greiðast að fullu ef váttryggður var á dánardegi 16 - 69 ára og hafði annan einstakling á framfæri sínu. Að öðrum kosti nema bætur 25% af grunnfjárhæð dánarbóta.

Örorku- og dánarbætur bera ekki vexti en breytast með vísitölu neysluverðs frá slysdegi til uppgjörsdags. Ónýttur hluti váttryggingarfjárhæðar vegna tannbrota barna tekur vísitölubreytingum með sama hætti.

4. KAFLI TRYGGING VEGNA SJÚKRAHÚSLEGU

20. gr. Hvað bætir tryggingin?

Váttryggingin greiðir bætur ef váttryggður er lagður inn á sjúkrahús á Íslandi eða erlendis á gildistíma hennar vegna sjúkdóms, veikinda eða slyss. Bætur greiðast ef samfelld dvöl á sjúkrahúsinu nær að lágmarki þeim biðtíma sem tilgreindur er á váttryggingarskírteini og ekki lengur en í þann bótatíma sem þar kemur fram.

21. gr. Undanþágur

Váttryggingin bætir ekki innlög:

- Vegna sjúkdóms eða veikinda sem fyrst sýndu einkenni áður en váttryggingin tók gildi gagnvart váttryggðum, né heldur vegna slyss sem varð fyrir þann tíma.
- Á náttúrulækninga- eða heilsuhæli, hjúkrunar-, öldrunar- eða dvalarheimili eða hvers kyns hvíldarinnlagnir.
- Í forvarnaskyni eða innlög í tengslum við valkvæða meðferð, svo sem frjósemismeðferð, efnaskipta- eða offituaðgerðir og fegrunar- eða lýtaaðgerðir.
- Vegna meðfæddra sjúkdóma eða fæðingargalla.
- Í tengslum við þungun, barnsfæðingu eða fósturmissi nema hann sé afleiðing slyss.
- Vegna sjálfsmeiðinga eða sjálfsvígstílaunar, fíknivanda og hvers kyns afleiðinga hans, heilabilunarsjúkdóma og innlög vegna geðrænna vandamála.

22. gr. Hvernig eru bætur ákvarðaðar?

Sjúkralegebætur greiðast vegna þjáninga, óhagræðis og kostnaðar af völdum sjúkrahúsvistunar og ákvarðast á grundvelli þess dagafjölda sem váttryggður dvelur á sjúkrahúsi frá innlagnardegi fram að útskrift. Bætur greiðast í einu lagi eftir að dvöl á sjúkrahúsi lýkur með útskrift. Tvöfaldar bætur greiðast fyrir þann tíma sem váttryggður dvelst á gjörgæsludeild.

Hámarksbætur vegna sjúkrahúslegu eru tilgreindar á váttryggingarskírteini og gildir sú fjárhæð fyrir hvern váttryggðan á hverju váttryggingartímabili. Bætur vegna sama sjúkdóms eða slyss fást þó aðeins greiddar að hámarki í þann bótatíma sem tilgreindur er á váttryggingarskírteini fyrir hvern váttryggðan, þrátt fyrir endurnýjun váttryggingarinnar.

23. gr. Tímatakmörk

Váttrygging þessi gildir ekki fyrir 65 ára og eldri. Váttryggingin tekur ekki til innlagnartímabils, sem hefst innan 90 daga frá því að váttryggingin tók fyrst gildi gagnvart váttryggðum, nema innlögnin sé vegna slyss sem varð á gildistíma hennar.

5. KAFLI RÉTTARAÐSTOÐ

24. gr. Hvað bætir tryggingin?

Váttryggingin endurgreiðir váttryggðum málskostnað vegna réttarágreinings í einkamáli, sem rekið er á Íslandi fyrir héraðsdómstól, Landsrétti eða Hæstarétti og varðar réttindi eða skyldur hans sem einstaklings, hvort sem hann er til sóknar eða varnar í málinu. Einnig greiðist kostnaður við endurupptöku máls fyrir dómstólum, en þó aðeins ef endurupptaka er heimiluð. Váttryggingaratburður telst orðinn þegar dómsmál er fyrst höfðað vegna ágreiningsefnisins.

Váttryggingin tekur ekki til sakamála, matsmála eða ágreinings sem aðeins getur komið til úrskurðar framkvæmdavalds eða sérdómstóla.

Váttryggður skal hafa falið lögmanni að gæta hagsmuna sinna áður en félagið tekur afstöðu til bótaréttar á grundvelli þeirra upplýsinga sem liggja fyrir um ágreiningsefnið. Ekki skal aðhafst í málinu eða stofnað til kostnaðar fyrr en félagið hefur staðfest bótarétt váttryggðs, en lögmaðurinn getur þó framkvæmt það sem ekki þolir bið. Váttryggður velur sjálfur lögmann meðal félagsmanna Lögmannafélags Íslands án aðkomu félagsins. Lögmaður getur ekki án samþykkis félagsins farið sjálfur með eigið mál.

25. gr. Hvað fellur undir trygginguna?

Váttryggingin greiðir eigin málskostnað váttryggðs af rekstri málsins og málskostnað, sem hann er dæmdur eða úrskurðaður til að greiða gagnaðila við lok málsins. Með eigin málskostnaði váttryggðs er hér átt við réttargjöld, kostnað við öflun nauðsynlegra mats- og álitserða og aðra sönnunarfærslu, útlagðan kostnað lögmanns skv. reikningi og þóknun lögmanns skv. tímagjaldi eða umsömdu gjaldi sé það lægra.

Váttryggingin tekur ekki til málskostnaðar sem stofnað er til áður en dómsmál er höfðað, jafnvel þótt máli verði ekki vísað til dómstóla nema að undangenginni málsmeðferð á öðrum vettvangi. Bætur greiðast ekki vegna máls sem lýkur með sátt nema dómari hafi úrskurðað um málskostnað.

Bætur greiðast ekki vegna eigin vinnu, tekjuskurðingar eða annars kostnaðar váttrygðs sjálfs eða kostnað við fullnustu dóms, úrskurðar eða sáttar. Ekki eru heldur greiddar bætur vegna aukakostnaðar sem hlýst af því að fenginn er fleiri en einn lögmaður til að reka málið eða skipt er um lögmann, né heldur aukakostnaður sem stafar af því að váttryggður eða lögmaður hans gerist sekur um vanrækslu í tengslum við rekstur málsins.

26. gr. Undanþágur

Váttryggingin tekur ekki til ágreinings:

- Í tengslum við atvinnu váttrygðs, hvort sem hann er launþegi, verktaki eða atvinnurekandi, þar með talið mál á hendur vinnuveitanda, þrotabúi eða ábyrgðarsjóði vegna launakrafna, uppsagnar eða vinnuslyss.
- Sem varðar lögaðila eða félagasamtök sem tengist váttrygðum.
- Sem varðar váttrygðan sem eiganda fasteignar, þar með talið gallamál, skaðabótakröfur, mál í tengslum við kaup og sölu, veð og lán.
- Sem varðar váttrygðan sem eiganda, notanda eða stjórnanda vélknúins ökutækis, ferðavagns eða annars eftirvagns, loftfars (þ.m.t. flygilda og dróna), skips, báts eða skútu, þar með talið gallamál, skaðabótakröfur, mál í tengslum við kaup og sölu, veð og lán.
- Sem varðar hjónaskilnað, sambúðarslit eða mál sem varða ágreining um forræði barna og umgengni.
- Vegna atvika sem áttu sér stað utan Norðurlanda, nema þau varði váttrygðan sem ferðamann.
- Vegna ábyrgðar sem váttryggður hefur gengið í eða aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem eru óvenjulegar eða óvenju umfangsmiklar fyrir einstakling.
- Um skaðabætur eða aðrar kröfur á hendur váttrygðum vegna líkamsárásar eða annars verknaðar sem leitt hefur til gruns eða ákæru á hendur honum vegna brots sem er refsivert og saknæmt.
- Sem varðar viðskiptabréfakröfu eða aðra innheimtu gegn váttrygðum þar sem krafan er óumdeild eða óumdeilanleg eða mál sem snúast um gjaldþrot eða nauðasamninga þar sem váttryggður er sjálfur gjaldþrota eða leitar nauðasamninga.
- Um kröfu eða annað tilkall sem framselt hefur verið hinum váttrygðða.
- Sem varðar váttryggingarsamning milli váttrygðs og félagsins (Sjóvá-Almennra trygginga hf. eða Sjóvá-Almennra líftrygginga hf.), þ.m.t. ágreining um bótarétt eða fjárhæð bóta. Þessi undanþága á ekki við um kröfur váttrygðs í ábyrgðartryggingu þriðja aðila hjá Sjóvá.
- Þar sem ekki eru fyrir hendi réttmætir hagsmunir af því að fá dóm í málinu. Slíkir hagsmunir verða t.d. ekki taldir vera fyrir hendi, ef umsókn um gjafsókn hefur af þeirri ástæðu verið hafnað eða veiting gjafsóknar verið afturkölluð.

27. gr. Tímatakmörk

Váttryggingin tekur til dómsmáls sem höfðað er á gildistíma hennar, enda hafi hún einnig verið í gildi fyrir váttrygðða þegar ágreiningurinn, sem málið varðar, kom upp og að hún (eða sams konar váttryggingavernd hjá einhverju váttryggingafélagi) hafi þá verið samfleytt í gildi fyrir váttrygðan í að minnsta kosti tvö ár. Hafi váttryggingarvernd váttrygðs varað skemmri tíma en 2 ár áður en ágreiningurinn kom upp er einnig hægt að sækja um bætur úr váttryggingu þessari ef þau atvik sem ágreiningurinn varðar gerðust eftir að hún tók gildi gagnvart váttrygðða. Ágreiningur telst kominn upp þegar annar aðili málsins hefur sannanlega hafnað sjónarmiðum eða kröfu gagnaðila eða ekki svarað innan hæfilegs tíma, þótt dómsmál hafi enn ekki verið höfðað.

28. gr. Hvernig eru bætur ákvarðaðar?

Félagið greiðir váttrygðum nauðsynlegan og eðlilegan málskostnað, sem hann þarf sjálfur að bera að frádregnum þeim málskostnaði sem gagnaðili er dæmdur eða úrskurðaður til að greiða honum og gjafsóknargreiðslum. Bætur greiðast aðeins eftir að endanleg niðurstaða um málskostnað er fengin fyrir dómstólum með efnisdómi eða úrskurði.

Hámarksbætur vegna hvers einkamáls nema heildarfjárhæð málskostnaðar að frádreginni eigin áhættu, allt að þeirri váttryggingarfjárhæð sem í gildi var þegar málið var höfðað og tilgreind er á váttryggingarskírteini. Hámarksbætur úr váttryggingunni á váttryggingartímabilinu öllu takmarkast einnig við váttryggingarfjárhæðina óháð fjölda ágreiningsmála.

Eigi váttryggður aðild að fleiri en einu einkamáli, sem í meginatriðum má rekja til sömu atvika, telst um eitt mál og einn váttryggingaratburð að ræða. Sama gildir ef fleiri en einn hinna váttrygðu eiga aðild að sama máli eða aðskildum málum sem í meginatriðum má rekja til sömu atvika og skal váttryggingarfjárhæðinni þá skipt að jöfnu milli hinna váttrygðu málsaðila. Sé váttryggður þátttakandi í hópmaalssókn innan eða utan málssóknarfélags eru hámarksbætur 15% af váttryggingarfjárhæðinni. Sama gildir þegar váttryggður á aðild að dómsmáli, þar sem fleiri samkynja mál eru rekin samhliða og varða sömu atvik eða orsakir.

Í ágreiningsmálum er varða fjárhagslega hagsmuni geta bætur aldrei orðið hærri en sem nemur höfuðstól þeirrar fjárhæðar sem ágreiningurinn lýtur að. Ljúki ágreiningsmálinu með sátt er váttryggingarfjárhæðin 50% af þeirri fjárhæð sem tilgreind er á váttryggingarskírteini.

29. gr. Sérregla um tjónstakmörkun

Váttrygðum ber að lágmarka málskostnað, sem fellur undir váttrygginguna, eins og kostur er. Í því skyni ber honum í öllum tilvikum að gera kröfu um fulla endurgreiðslu málskostnaðar úr hendi gagnaðila, hvort sem málið er sætt undir rekstri máls eða dómur gengur í því. Sé máli frávísað, það niðurfellt eða sætt skal váttryggður gera kröfu um að dómari úrskurði

um málskostnað. Vanræki váttryggður þessar skyldur eða gefi á annan hátt frá sér möguleika á því að fá málskostnað sinn að fullu greiddan frá gagnaðila greiðir félagið engar bætur úr váttryggingunni.

Váttryggðum ber að sækja um gjafsókn, nema augljóst sé að hann uppfylli ekki skilyrði til þess.

Félagið getur sett það skilyrði fyrir greiðslu bóta að váttryggður beri fjárhæð þóknunar lögmanns undir úrskurðanefnd Lögmannafélags Íslands. Slík kvörtun skal sett fram í samráði við félagið og greiðir félagið það málskotsgjald sem af leiðir.

6. KAFLI ÁFALLAHJÁLP – SÁLFRÆÐIADSTOÐ

30. gr. Hvað bætir tryggingin?

Váttryggingin greiðir kostnað við samtalsmeðferð hjá sérhæfðum heilbrigðisstarfsmanni eigi váttryggður við andleg einkenni að stríða vegna áfalls af völdum neðangreindra orsaka, sem áttu sér stað á gildistíma váttryggingarinnar og leiddu til bótaréttar úr viðeigandi váttryggingu hjá félaginu:

- Innbrot á heimili váttryggðs.
- Bruna- eða vatnstjón á heimili váttryggðs, sem valdið hefur verulegu eignatjóni.
- Rán. Með rani er átt við þjófnað á váttryggðum munum með líkamlegu ofbeldi eða hótun um að beita því þegar í stað.
- Andlát, alvarlegt slys eða alvarleg veikindi einhvers hinna váttryggðu fjöskyldumeðlima.

Meðferðin skal eiga sér stað innan 6 mánaða frá tjónsdegi. Skilyrði er að meðferðin beinist eingöngu að andlegum einkennum váttryggðs sem fyrst komu fram eftir tjónsatburðinn og var nauðsynleg til að vinna úr þeim.

31. gr. Hvernig eru bætur ákvarðaðar?

Bætur greiðast fyrir útlagðan kostnað vegna veittrar sérfræðiaðstoðar gegn framvísun reikninga, allt að þeirri váttryggingarfjárhæð sem tilgreind er á váttryggingarskírteini og í gildi var á tjónsdegi, að því marki sem kostnaðurinn fæst ekki endurgreiddur frá Sjúkratryggingum Íslands. Ferðakostnaður bætist ekki.

Váttryggingarfjárhæðin gildir fyrir hvern váttryggðan á hverju váttryggingartímabili. Bætur vegna sama atburðar fást aðeins greiddar einu sinni fyrir hvern váttryggðan, þrátt fyrir endurnýjun váttryggingarinnar.

7. KAFLI FERÐAVERND

Váttrygging þessi er valkvæð trygging sem hægt er að kaupa sem viðbót við heimilistryggingu gegn aukagjaldi.

32. gr. Hvar gildir tryggingin?

Váttryggingin gildir á ferðalagi erlendis frá Íslandi, hvar sem er í heiminum, í allt að 92 samfellda daga frá því lagt er af stað frá Íslandi þar til komið er aftur heim til Íslands.

33. gr. Hvað bætir tryggingin?

Váttryggingin greiðir bætur ef veikindi eða slys valda váttryggðum ófyrirséðum útgjöldum á ferðalagi erlendis eða raska ferðatilhögun hans eins og nánar greinir í 34.- 39. gr. skilmálans.

Váttryggingin tekur til orlofs- og frístundaferða en ekki til ferðalaga sem tengjast námi, atvinnu eða sjálfböðastarfi váttryggðs.

34. gr. Skilgreiningar

Með ferðakostnaði er átt við fargjöld, gistikostnað og bílaleigubíl, auk kostnaðar við afþreyingu, viðburði og ferðir innan dvalarlands, sem váttryggður sýnir fram á að hann hafi ekki getað fengið felldan niður eða endurgreiddan.

Með farsala er átt við flugfélag, skipafélag eða annan aðila sem annast farþegaflutninga gegn gjaldi.

Með nánum ættingja er átt við maka, sambýlismaka, unnusta/unnustu, barn, barnabarn, foreldra, systkini, tengdforeldra, tengdabarn og afa og ömmu váttryggðs.

Með nánum samstarfsmanni er átt við einstakling sem er meðeigandi í atvinnurekstri váttryggðs eða samstarfsmann sem váttryggður er staðgengill fyrir.

Með SOS er vísað til neyðarþjónustuaðilans SOS International A/S. Hlutverk SOS er að veita váttryggðum og aðstandendum þeirra aðstoð vegna alvarlegra slysa eða veikinda þar sem þörf er á sjúkráhúsvist, heimflutningi eða öðrum slíkum neyðartilvikum. Unnt er að tilkynna tilvik til SOS rafrænt á vefsíðunni www.sos.eu eða í síma +45 7010 5050.

35. gr. Sjúkrakostnaður

Váttryggingin greiðir bætur vegna sjúkrakostnaðar og annarra viðbótarútgjalda sem falla til á ferðalagi erlendis vegna meiðsla eða skyndilegra og óvæntra veikinda hins váttryggða, sem upp koma í ferðalaginu.

Með sjúkrakostnaði er hér átt við kostnað við skoðun, rannsókn og bráðameðferð lækna eða annars heilbrigðisstarfsfólks, sjúkrahúsvist, sjúkraflutning innan dvalarlandsins, hjúkrun, lyf, bráðatannlæknaþjónustu og aðra nauðsynlega meðferð samkvæmt fyrirmælum viðkomandi sjúkrastofnunar. Bætur greiðast ekki vegna sjúkrakostnaðar sem fellur til á Íslandi eftir heimkomu, þótt um eftirmeðferð sé að ræða.

Með viðbótarútgjöldum er hér átt við nauðsynlegan kostnað sem hlýst af því að ná fyrirfram ákveðinni ferðaáætlun og nauðsynlegan auka gisti- og heimferðarkostnað sem stofnað er til í samráði við SOS eða með samþykki félagsins. Ef váttryggður andast á ferðalagi vegna veikinda eða slyss greiðir félagið jafnframt flutning jarðneskra leifa hans heim til Íslands.

Félagið greiðir sjúkrakostnað og viðbótarútgjöld gegn framvísun reikninga með greiðslustaðfestingu og læknisfræðilegra upplýsinga frá meðferðaraðilum erlendis til staðfestingar á eðli og umfangi veikinda eða meiðsla. Tilkynna ber SOS eins fljótt og unnt er um neyðartilvik, andlát, alvarleg slyss eða veikindi erlendis þar sem þörf er á bráðri aðstoð vegna sjúkrahúsdvalar eða heimflutnings.

36. gr. Ferðakostnaður fylgdaraðila – samfylgd í neyð

Váttryggingin greiðir viðbótarkostnað vegna fargjalda og gistingar til eins samferðamanns váttryggðs sem veitir honum nauðsynlega aðstoð vegna alvarlegra veikinda eða slyss eða fylgja þarf honum heim samkvæmt læknisráði og í samráði við SOS eða félagið.

Njóti váttryggður ekki aðstoðar samferðamanns greiðir váttryggingin fargjald og gistingu fyrir einn ættingja eða vin váttryggðs, sem ferðast þarf sérstaklega út til váttryggðs til að veita honum nauðsynlega aðstoð og fylgd vegna alvarlegra veikinda eða slyss, enda sé stofnað til þessa kostnaðar með samþykki félagsins.

37. gr. Endurgreiðsla ferðar

Þurfi váttryggður að leggjast inn á sjúkrahús erlendis eða hann þarf samkvæmt skriflegu læknisráði og með samþykki félagsins eða SOS að koma fyrr heim til Íslands vegna alvarlegra veikinda eða slyss, endurgreiðir félagið hlutfallslega þann hluta ferðakostnaðar, sem hann hafði greitt vegna ferðarinnar en ónýttist af þessum sökum og fæst ekki endurgreiddur. Bætur greiðast aðeins fyrir hinn slasaða/veika sjálfan og váttryggða samferðamenn hans sem þurftu nauðsynlega að rjúfa ferð og fylgja honum heim.

38. gr. Ferðarof vegna atburðar á Íslandi

Váttryggingin greiðir bætur vegna nauðsynlegra viðbótarútgjalda vegna heimferðar váttryggðs til Íslands ef hann neyðist til að stytta dvöl sína erlendis vegna:

- Andláts, alvarlegs slyss eða skyndilegra alvarlegra veikinda, sem hendir náinn ættingja váttryggðs á Íslandi.
- Verulegs eignatjóns á heimili váttryggðs eða í einkafyrirtæki hans, sem gerir nærveru hans nauðsynlega.

Bætur greiðast ekki fyrir þá ferð sem rofin var eða nýja ferð í hennar stað.

39. gr. Forfallatrygging

Váttryggingin greiðir bætur fyrir ferðakostnað, sem váttryggður hefur greitt fyrir eða samið um fyrirframgreiðslu á og fæst ekki endurgreiddur, vegna ferðar sem hinn váttryggði kemst ekki í vegna einhverra eftirfarandi ástæðna:

- Andlát, alvarleg meiðsla eða veikindi, barnsburður eða sóttkví hins váttryggða enda liggja fyrir vottorð starfandi læknis á því formi sem félagið ákveður, til staðfestingar á ástandi hans og óferðafærni á þeim tíma sem fara átti í ferðina.
- Náinn ættingi eða náinn samstarfsmaður váttryggðs andast, hlýtur alvarleg líkamsmeiðsl eða veikist alvarlega, enda liggja fyrir fullnægjandi gögn til staðfestingar.
- Verulegt eignatjón á heimili váttryggðs eða í einkafyrirtæki hans, sem gerir nærveru hans nauðsynlega.
- Röskun á áætlun flugvélar eða skips, sem leiðir til a.m.k. 12 klst. tafar á brottför váttryggðs frá Íslandi miðað við ferðaáætlun.
- Opinber höft eru sett á komur á áætlaðan áfangastað vegna farsóttar eða smitsjúkdóma.
- Vitnaskylda fyrir dómi eða kvaðning til starfa sem váttryggður getur ekki vikið sér undan að vinna samkvæmt lögum um skyldusóttkví.

Bætur samkvæmt þessari grein eru aðeins greiddar vegna forfalla sem verða fram að brottför frá Íslandi. Framangreind tilvik skulu hafa átt sér stað á gildistíma váttryggingarinnar og vera þess eðlis, að váttryggðum sé óhjákvæmilegt annað en að afturkalla áður gerða pöntun og hætta við ferðina. Bætur fást þó einnig greiddar ef alvarleg meiðsla eða alvarleg veikindi valda því að váttryggðum sé ómöguleg þátttaka í þeirri tómstundaiðkun sem er megintilgangur ferðarinnar enda þótt hann sé fær um að ferðast, en kjósi hann engu að síður að fara í ferðina endurgreiðir félagið þann hluta ferðakostnaðar sem hann getur ekki nýtt af þeim sökum.

Bætur greiðast vegna allra váttryggðra samferðamanna sem þurfa að hætta við ferðina, enda þótt ástæða forfalla eigi aðeins við um einn þeirra.

Þegar við á ber váttryggðum að framvísa læknisvottorði á því formi sem félagið ákveður, til staðfestingar á ástandi hans og ferðafærni á þeim tíma sem fara átti ferðina. Bætur fást ekki greiddar samkvæmt þessari grein hafi váttryggður greitt

sérstakt forfallagjald hjá farsala, ferðaskrifstofu eða ferðaskipuleggjanda eða það hafi verið innheimt af honum við kaup ferðarinnar.

40. gr. Farangurstöf

Vátryggingin greiðir bætur til kaupa á helstu nauðsynjum, fái vátryggður farangur sinn ekki afhentan vegna tafar eða rangrar afgreiðslu, eftir að á endanlegan áfangastað erlendis er komið innan þeirra tímamarka sem tilgreind eru á vátryggingarskírteini. Bætur greiðast aðeins vegna farangurstafa á útleið en ekki á leið heim. Bætur greiðast aðeins vegna barna yngri en 18 ára ef þau ferðast án samfylgdar forráðamanna.

41. gr. Undanþágur

Vátryggingin bætir ekki:

- Tjón sem stafar af afleiðingum slysa eða undirliggjandi veikinda eða sjúkdóma, sem vátryggður sjálfur, náinn ættingi eða náinn samstarfsmaður var haldinn og í meðferð vegna á síðustu 6 mánuðum áður en ferðin var keypt eða staðfestingargjald var greitt vegna hennar. Sama gildir um tjón af völdum veikinda eða slysa vátryggðs sem upp koma fram að brottfarardegi frá Íslandi en það á þó ekki við um forfallatryggingu. Með meðferð er hér átt við hvers konar meðhöndlun, sem ætlað er að bæta eða viðhalda líkamlegu eða andlegu heilsufari, svo sem læknskómur, lyfjanotkun, endurhæfingu, ráðgjöf, viðtöl, sérfaði, óhefðbundin lækningameðferð, ofl.
- Kostnað, sem fæst bættur af Sjúkratryggingum Íslands eða öðrum opinberum sjúkrasamlögum á grundvelli laga eða gagnkvæmum samningi um sjúkratryggingar.
- Kostnað vegna aðgerðar, heilsudvalar eða hvers kyns meðferðar, m.a. lækna og tannlækna, sem ekki stafar af skyndilegum og óvæntum veikindum eða slysi vátryggðs eftir brottför frá Íslandi.
- Kostnað við leit, björgun eða sjúkraflutning frá hafsvæði utan hafna eða frá óbyggðum svo sem jöklum, eyðimörkum, skógum og fjöllum utan skipulagðra skíðasvæða fyrir almenning.
- Tjón sem stafar af tregðu vátryggðs til að ferðast eða af báguum fjárhag hans.
- Tjón vegna breytingar á fyrirhuguðum orlofstíma vátryggðs.
- Tjón sem stafar af því að vátryggður ferðaðist í trássi við ráðgjöf starfandi læknis.
- Tjón sem stafa af rekstrarerfiðleikum, gjaldþroti, leyfissviptingu eða stöðvun rekstrar ferðaskrifstofu, ferðaskipuleggjanda, farsala, gististaðar eða öðrum þjónustuveitanda.
- Útgjöld sem ferðaskrifstofu, ferðaskipuleggjanda, farsala, gististað eða öðrum þjónustuveitendum ber að greiða eða endurgreiða samkvæmt lögum eða samningi né heldur hækkan þeirra á fyrirfram umsömdum ferðakostnaði.
- Tjón vegna yfirsjórnar eða vanrækslu ferðaskrifstofu, ferðaskipuleggjanda, farsala, gististaðar eða annars þjónustuveitanda.
- Tjón sem stafar af því að flugvél eða skip er tekið úr þjónustu til bráðabirgða eða á annan hátt samkvæmt tilskipun opinbers aðila.
- Tjón sem stafar af tilskipunum stjórnvalda, öðrum en þeim sem varða skyldusóttkví.
- Tjón af völdum verkfallsaðgerða sem boðaðar höfðu verið og vitað var, á þeim tíma sem ferðin var keypt, að hefjast myndu fyrir áætlaða brottför frá Íslandi.
- Tjón sem rekja má til þess að vátryggður mátti vænta þess að eignast barn á ferðatímanum eða innan tveggja mánaða frá áætluðum heimkomudegi.
- Tjón vegna háfjallaveiki.
- Tjón sem verða vegna iðkunar bardaga- eða sjálfsvarnaríþróttar þar sem tilgangurinn er að slá eða sparka í andstæðinginn eða takast á við hann á annan hátt. Þessi undanþága á ekki við um vátryggða sem eru yngri en 18 ára.
- Tjón vegna meiðsla sem vátryggður hlýtur í handalögmáli eða við þátttöku í refsiverðum verknæði.
- Tjón sem beint eða óbeint hlýst af neyslu áfengis, fíkniefna eða annarra örvandi eða deyfandi lyfja.
- Tjón sem hlýst af því að vátryggður hefur ákvarðað ferðatíma í tengiflugi þrengri en lágmörk viðkomandi flugfélags/ flugvallar kveða á um og athugasemd er gerð um í farbókun.

Undanþágur sem unnt er að vátryggja sérstaklega:

- Tjón sem vátryggður 18 ára og eldri verður fyrir vegna iðkunar keppnisíþróttar. Með iðkun keppnisíþróttar er hér átt við æfingar og keppni í einstaklings- og liðsíþróttum, sem æfðar eru reglulega undir leiðsögn þjálfara á vegum félaga og samtaka sem hafa íþróttakeppni að tilgangi og/eða þátttaka er bundin skilyrðum um lágmarksfærni eða -getu.
- Tjón sem verða vegna iðkunar hvers kyns akstursíþróttar.
- Tjón vegna fjalla-, kletta- eða ísklifurs og bjargsigis.
- Tjón vegna dreka-, svífvængja-, loftbelgja-, fis- og svifflungs, teygjustökks, fallhlífarstökks og köfunar með lofthylki eða friköfunar á meira dýpi en 10 metrum.

42. gr. Hvernig eru bætur ákvarðaðar?

Hámarksbætur vegna hvers liðar vátryggingarinnar miðast við þá vátryggingarfjárhæð sem tilgreind er á vátryggingarskírteini vegna hans og í gildi var á tjónsdegi. Tilgreind vátryggingarfjárhæð og eigin áhætta gildir fyrir hvern vátryggðan í hverri ferð.

Bætur vegna útlagðs kostnaðar og endurgreiðsla ferðakostnaðar greiðast gegn framvísun kvittana eða reikninga ásamt staðfestingu á greiðslu þeirra. Fæðiskostnaður greiðist þó aldrei.

Í forfallatryggingu greiðast bætur fyrir hvern váttryggðan, sem hætta þarf við ferðina, hlutfallslega af heildarferðarkostnaði allra hinna váttryggðu að fráðreginni eigin áhættu vegna hvers og eins. Engar bætur greiðast fyrir hluta annarra samferðamanna en hinna váttryggðu í ferðakostnaðinum, þótt váttryggður hafi greitt ferðakostnað þeirra eða lagt út fyrir honum.

Bætur vegna farangurstafa greiðast gegn skriflegri staðfestingu farsala eða flugvallar á tímalengd tafarinnar. Ekki er krafist kvittana fyrir útlögðum kostnaði við kaup á nauðsynjum, heldur reiknast bætur á grundvelli þeirrar fjárhæðar sem tilgreind er á váttryggingarskírteini fyrir hverja klukkustund tafar umfram biðtíma og að hámarki í þann bótatíma sem þar kemur fram.

43. gr. Varúðarreglur

Þurfi váttryggður að hætta við ferð eða breyta ferðaáætlun ber honum að tilkynna það til viðkomandi þjónustuveitanda, svo sem ferðaskrifstofu, farsala eða gististaðar eins fljótt og unnt þannig að möguleikar á endurgreiðslum skerðist ekki.

Váttryggðum ber að skrá sig tímanlega til brottferðar samkvæmt fyrirfram ákveðinni ferðaáætlun þegar þess er krafist, enda hafi breyting á áætlunartíma ekki verið staðfest af ferðaskrifstofu eða farsala.

Skilmálar þessir gilda frá 19.03.2026.